

Á myrkraslóð

Freysteinn Gunnarsson

Ísólfur Pálsson, 1900
Radds.: Páll Ísólfsson

Adagio

1. And - vök - u - næt - ur einm - an - a græt - ur út - læg - ur

hug - ur á myrkr - ann - a slóð. Heitt þrá - ir and - i

ljós yf - ir land - i, leiftr - and - i bjarm - ann af ár - sól - ar -

glóð. Mann - heim - ur vill - ist á myrkr - ann - a slóð.

Á MYRKRASLÓÐ

Andvökunætur einmana grætur
útlægur hugur á myrkranna slóð.
Heitt þráir andi ljós yfir landi,
leiftrandi bjarmann af ársólarglóð.
Mannheimur villist á myrkranna slóð.

Líður að óttu, langt er af nóttu,
ljósvana' í myrkrunum draumstola þjóð
vakir og biður, bíður uns friður
birtist í árroðans skínandi glóð.
Mænir til ljóssins af myrkranna slóð.
(úr Fjólu, bls. 32)